DV Um helgina


Kjarvalsstaðir:

Tveir ungir listamenn sýna


Á morgun opna tveir ungir myndlistarmenn, Arngunnur Ýr Gylfadóttir og Hallgrímur Helgason, sýningu á Kjarvalsstöðum í vestursal og austursal. Opnunin er kl. 16.00 og þar munu Bryndís Halla Gylfadóttir, Áshildur Haraldsdóttir, Bergljót Anna Haraldsdóttir og Steinunn Birna Ragnarsdóttir flytja tónlist. Sýningarnar eru opnar daglega frá kl. 11.00–18.00 og standa þær til 27. janúar.

Arngunnur Ýr sýnir sín verk í austursal Kjarvalsstaða. Hún nefnir sýninguna „Varanlegar menjar" og eru verkin unnin á árunum 1989 til 1990 í Amsterdam, Reykjavík og San Francisco,

Arngunnur Ýr stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1982–1984 og lauf BFA prófi frá San Francisco Art Institute 1986. Hún hefur tekið þátt í fjölda samsýninga í Bandaríkjunum, Evrópu og Íslandi,



Arngunnur Ýr við eitt verkanna á sýningunni á Kjarvalsstöðum.



Eitt verka Hallgríms á Kjarvalsstöðum en þema sýningarinnar er mannslíkaminn.

auk sem hún hefur haldið einkasýningar hérlendis og vestanhafs.

Síðastliðinn vetur dvaldi hún í Amsterdam þar sem hún starfaði að nýju verkefni og er nú nýkominn frá San Francisco þar sem hún hefur dvalið í haust.

Myndirnar eru unnar með blandaðri tækni. Þar er um að ræða hefðbundnar aðferðir í olíumálun jafnt sem veggmyndir unnar úr viði, gleri, hári, málmum og ýmsum efnum öðrum.

Hallgrímur Helgason sýnir sín verk í vestursal Kjarvalsstaða. Málverkin á sýningunni eru frá síðustu fimm árum og svo til öll unnin erlendis þar sem Hallgrímur hefur dvalið, bæði vestan hafs og austan. Verkin hafa því ekki verið sýnd áður hér á landi. Þau lýsa vel þróun listamannsins og sýna hinar mismunandi túlkanir hans á viðfangsefni sínu sem haldist hefur að mestu óbreytt þessi 5 ár og er mannslíkaminn. Má segja að þema sýningarinnar sé leit Hallgríms að nýjum leiðum til að mála þetta hefðbundna mótíf. Einnig er á sýningunni fjöldi teikninga, eins konar skýrslur um hugarástand listamannsins á hverjum tíma.

Sýning þessi er sú viðamesta sem Hallgrímur hefur haldið hingað til en hann hefur áður tekið þátt í fjölda samsýninga heima og erlendis og haldið 10 einkasýningar á Íslandi og tvær í Boston og New York.

Hallgrímur stundaði nám við MH árin 1976–1979, MHÍ 1980–1981 og Listakademíuna í München 1981–82. Síðan 1983 hefur Hallgrímur starfað sem myndlistarmaður og rithöfundur og fyrir síðustu jól kom kom út hans fyrsta skáldsaga, „Hella". Undanfarin tvö ár hefur hann einnig stjórnað „Útvarp Manhattan" á rás 2.

Þrennir Kaldalóns-tónleikar


Næstkomandi sunnudag, 13. janúar, eru liðin 110 ár frá fæðingu Sigvalda S. Kaldalóns tónskálds. Af því tilefni mun Karlakór Keflavíkur og Kvennakór Suðurnesja ásamt einsöngvurum halda Kaldalóns-tónleika á þremur stöðum.

Fyrstu tónleikarnir verða á laugardag í Langholtskirkju og hefjast þeir kl. 17.00. Á sunnudag verða tónleikar í Ytri-Njarðvíkurkirkju og hefjast þeir kl. 20.30 og loks verða tónleikar á mánudagskvöld í Grindavíkurkirkju og hefjast þeir einnig kl. 20.30. Aðgöngumiðar verða seldir við innganginn.

Á tónleikunum verða fyrst og fremst flutt lög eftir Sigvalda S. Kaldalóns, bæði þekkt verk eftir hann og önnur sem aldrei heyrast enda af nógu að taka þar sem Sigvaldi samdi yfir 200 tónverk á ferli sínum. Þá verða einnig flutt fáein lög eftir Selmu Kaldalóns, dóttur hans, og loks verða flutt lög eftir Sigvalda Snæ, sem er sonarsonur tónskáldsins og sjálfur tekinn að semja lög. Sigvaldi Snær er jafnframt kórstjóri á tónleikunum.

Sigvaldi Kaldalóns var fæddur í Reykjavík 13. janúar 1881, sonur hjónanna Stefáns Egilssonar múrara og Sesselju Sigvaldadóttur ljósmóður. Hann var elstur fjögurra bræðra sem á legg komust. Kunnastur bræðra hans var Eggert rithöfundur og söngvari en í desember síðastliðnum var þess einmitt minnst í fjölmiðlum að hundrað ár voru frá fæðingu hans. Héldu þeir Eggert og Sigvaldi oft „Kaldalóns-tónleika" fyrr á öldinni við góðar undirtektir.

Sigvaldi lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1902 en þegar á menntaskólaárunum átti tónlistin hug hans allan. Sigvaldi lauk embættisprófi í læknisfræði 1908. Var síðan við framhaldsnám í Danmörku í eitt ár og þar kynntist hann danskri hjúkrunarkonu, Karen Margrethe Mengel-Thompsen og giftu þau sig haustið 1909. Hann varð fyrst héraðslæknir í Nauteyrarhéraði og sat að Ármúla við Ísafjarðardjúp. Þar tók hann sé ættarnafnið Kaldalóns árið 1916 og sama ár kom út fyrsta heftið með sönglögum hans. Í Ísafjarðardjúpinu var Sigvaldi í tólf ár og þar urðu til mörg af þekktustu lögum hans. Því næst lá leiðin til Flateyjar á Breiðafirði þar sem hann var læknir á árunum 1926–29. Loks var hann héraðslæknir í Keflavíkurlæknishéraði með búsetu í Grindavík. Þar bjuggu þau hjónin í fimmtán ár. Sigvaldi átti við heilsuleysi að stríða síðustu ár ævi sinnar og lést árið 1946. Ekki mun ofmælt að Sigvaldi S. Kaldalóns sé eitt ástsælasta tónskáld íslensku þjóðarinnar og hvert íslenskt barn þekkir lög eins og „Á Sprengisandi", „Nóttin var sú ágæt ein" og „Ísland ögrum skorið".



Á sunnudag eru liðin 110 ár frá fæðingu Sigvalda Kaldalóns og verður þess minnst með þrennum tónleikum.